

æviágrip



Fermingarmynd af Hafsteini t.h. og Agústi bróður hans.

Hafsteinn Guðmundsson fæddist í Vestmannaeyjum og ólst þar upp – sonur hjónanna Guðrúnar Kristjánsdóttur frá Aurseli í Fljótshlíð og Guðmundar Helgasonar, sjómanns í Lambhaga, frá Crímsstöðum í Vestur-Landeyjum. Þegar á fermingaraldr hóf Hafsteinn nám í prentið þar heima í Eyjum, svo með sanni má segja að snemma beygðist krókurinn að því er verða vildi.

Hafsteinn var tvíkvæntur og var fyrri kona hans Ólafía Jóhannsdóttir (1915-1998). Þau slitu samvistir. Með henni eignaðist hann dótturina Dröfn. Eftirlifandi eiginkona Hafsteins er Helga Hobbs. Þeirra börn eru Helga, Guðmundur og Guðrún. Sonur Helgu af fyrra hjónabandi og uppeldissonur Hafsteins er Gunnar Kvaran. Hafsteinn lést 1. september 1999.



Hafsteinn þriggja ára með móður sinni, Guðrúnu Kristjánsdóttur. Ljósmynd: Kjartan Guðmundsson.



Hafsteinn, efst til vinstri, með móður sinni og systkinum, Ástu og Ágústi.



Hafsteinn og Ólafía með Dröfn 1941.



Fjölskyldan 1955. Frá vinstri: Gunnar Kvaran, Helga, Dröfn, Helga Hobbs með Guðrúnu og Hafsteinn með Guðmund.

Mynd í baksýn: Gularás í Vestur-Landeyjum. Hafsteinn var sendur þangað sex ára.

setjari



Prentstrákar um 1930, líklega við Ísafold. Hafsteinn lengst til vinstri, Baldur Eyjórhsson lengst til hægri.

Hafsteinn tók sveinspróf í setningu frá Iðnskólanum í Reykjavík árið 1932. Sjö árum síðar tók hann próf frá Fagskolen for Boghaandværk í Kaupmannahöfn þar sem hann hlaut viðurkenningu fyrir frábæran námsárangur. Síðar sama ár birtist grein í blaði dönsku prentsmiðjusamtakanna, *Det grafiske Fag*, þar sem fjallað var um úrlausnir hans á verkefnum í skólanum og sagði í greininni að einn nemandi hafi vakið alveg sérstaka athygli kennara námskeiðsins, bæði fyrir það hve glöggur hann væri að skilja hin fræðilegu grundvallaratriði sem þar voru kennd, og fyrir það hve lagið honum væri að setja persónulegan svip á verk sín.

Fyrsta stóra verkið sem Hafsteini var fengið að sveinsprófi loknu var að handsetja *Íslenska Þjóðhætti* Jónasar frá Hrafnagili sem komu út 1934.



Fjallað var um úrlausnir Hafsteins á verkefnum við Fagskolen for Boghaandværk í tímaritum *Det grafiske Fag* eftir að hann var kominn heim úr námi.



Hafsteinn með skólafélögum og kennurum á sumarnámskeiðinu í Kaupmannahöfn 1939.



kennari

Um haustið 1939 fékk Hafsteinn að láni kennslustofu í Iðnskólanum til að halda námskeið í fagteikningu fyrir prentara. Námskeiðið var sex vikna langt og það sóttu einir ellefu sveinar. Einnu kennslutækin voru blýantar og strokleður enda ekki önnur kennslugögn að hafa, þar sem enginn prentskóli var í landinu. Var gerður góður rómur að verkefnum og framtakinu og var Hafsteinn ráðinn að Iðnskólanum til kennslu fagteikningar fyrir prentara sem hann sinnti næstu tuttugu árin. Hafsteinn var á næstu árum eindreginn talsmaður þess að hér yrði stofnaður prentskóli, og þegar hann var orðinn aðili að Félagi íslenskra prentsmíðju-eigenda lagði hann ásamt félögum sínum þar drög að prentskólasjóði, sem skyldi kaupa tæki fyrir prentskólann sem svo var stofnaður við Iðnskólann árið 1958. Hafsteinn var í nefndum tengdum prentskólanum í um þrjá áratugi, lengst af formaður prófanefndar skólans. Hann var meðfram öðrum störfum kennari í fagteikningu í Iðnskólanum í Reykjavík 1940-1960. Hafsteinn bjó einnig til kennsluefni um týpógraffí (leturgerð) fyrir Iðnskólann og kenndi þar prentnemum í 20 ár; hætti því uppúr 1970. Með því starfi hefur hann haft veruleg áhrif á framvinduna í faginu, en þetta var viðbót við fulla vinnu við prentsmíðjustjórni, útgáfu og bókahönnun.





Litir og samræmi þeirra – undirstöðuatriði hagnýtrar litafæði handa prenturum. Útgefandi Hafsteinn Guðmundsson – Prentsmíðjan Hólar h.f., 1949. (Þýtt úr dönsku af Hallbirni Halldórssyni).



Hafsteinn, annar frá vinstri í efstu röð, í hópi kennara við Iðnskólann.

teiknari




Fljótt bar á listrænum hæfileikum Hafsteins og árið 1940, meðan hann var sveinn hjá Ísafold, vann hann verk sem er einstætt í íslensku bóksögu þegar hann lýsti bókina *Prentlistin fimm hundruð ára*, alls 135 eintök og engin tvö eins. Með hverjum bókarkafli voru upphafsstafrir og teikningar eftir Hafstein sem hann svo handmálaði. Sama ár hannaði hann haus og útlit *Prentarans* þar sem minnst var sama afmælis. Í Iðnskólanum hafði Hafsteinn verið í teiknitímum, m.a. hjá Birni Björnssyni. Hafsteini fannst hann læra margt af Birni, einkum í gerð vörumerkja og myndskreytinga. Sem ungur maður sótti Hafsteinn einnig tíma í myndlist til Finns Jónssonar, Jóhanns Briem og Þorvalds Skúlasonar til að skerpa formskyn sitt og æfa sig í teikningu og málverki. Kvæðst hann sér í lagi hafa lært mikið af Þorvaldi, sem var að glíma við svipuð vandamál og hann sjálfur, að skipuleggja myndflötinn, því að prentlistin er flatarlist. Hafsteinn hafði ætíð mikið dálæti á listamanninum og læriföðurnum Þorvaldi Skúlasyni og gaf út um hann bók á níunda áratugnum. Uppá sitt eindæmi æfði Hafsteinn sig líka í línóleumskurði og skrautskrift. Hafsteinn teiknaði auglýsingar, vörumerki og bréfsfni fyrir mörg fyrirtæki, einnig sín eigin. Jafnframt teiknaði hann bókakápur og myndskreytti m.a. tvær ljóðabækur Baldurs Pálmasonar.



hönnuður

Á sjötta og sjöunda áratugnum þótti hönnunin sjálfsgæð hluti af prentuninni og því ekki við hæfi að telja það til sérstaks kostnaðar eða skrifa fyrir því reikninga. Helstu hönnunarverkefni Hafsteins á sjötta og sjöunda áratugnum voru útgáfur Máls og menningar og Heimskringlu, heilmikill fjöldi bóka sem voru sérhannaðar að einhverju eða öllu leyti. En einnig teiknaði hann upp ótal aðrar bækur og smærri verk, eins og merki og bréfséfnir fyrir félög. Má ykjulaust segja að nærri allir prentgripir sem hafi komið frá Hólum á þessum árum hafi farið um hendur Hafsteins einhvern tíma á framleiðsluferlinu.

Fálkinn hóf útgáfu hljómpatna á sjötta áratugnum og náði sú starfsemi hámarki á þeim sjöunda. Á plötunum eru hljóðrit af flutningi íslenskra tónlistarmanna á bæði innlendi og erlendi tónlist, en einnig upplestur skálda og ræðumanna og flutningur leikrita. Hafsteinn hannaði umslög fyrir þessar útgáfur sem láta nærri fimm tugum. Eftir að hann hætti hjá Hólum sá Hafsteinn um hönnun bóka fyrir Mál og menningu ásamt því að teikna merki og *Tímarit Máls og menningar*. Önnur útgáfufyrirtæki tóku einnig að sækja til hans í auknum mæli. Mest vann hann fyrir Almenna bókafélagið, t.d. flokkana *Íslensk þjóðfræði* (*Kvæði og dansleikir*, *Íslenskir málshættir*), *Bókasafn AB – Íslenskar bókmenntir* og ljóðabækur Matthíasar Johannessen. Einnig vann hann mikið fyrir Hið íslenska bókmenntafélag, t.d. *Lærdómsritin* (1970-) og *Skírni*.



prentsmiðjustjóri




Óðinsgata 13.

Árið 1942 urðu þau tímamót að Hafsteinn tók að sér að verða prentsmiðjustjóri í Hólum, nýju prentverki sem ýmsir gallharðir vinstri menn stóðu að með Kristín E. Andrésón í broddi fylkingar. Þessi prentsmiðja átti fyrst og fremst að prenta fyrir forlögín Mál og menningu og Heimskringlu. Prentsmiðjan Hólar var til húsa í nokkrum samtengdum skúrum baka til við Óðinsgötu 13 og síðan við Þingholtsstræti 27. Hafsteinn var prentsmiðjustjóri hjá Hólaprenti í 23 ár, 1942-1965.

Næst réðst Hafsteinn í að reisa Prentshús Hafsteins Guðmundssonar vestur á Seltjarnarnesi. Hann var þar forstjóri í rúm sex ár, á árunum 1967-1973. Ásamt rekstri Prentshúsins vann Hafsteinn að útgáfustarfseminni, sem raunar hafði byrjað með stofnun forlagins Þjóðsögu árið 1954, meðan hann var í Hólum.



Þingholtsstræti 27.




Hafsteinn ásamt starfsmönnum Hóla árið 1961.

bókaútgefandi

Bókaútgáfan Þjóðsaga var stofnuð árið 1954 til þess að svara eftirspurn eftir *Þjóðsögum Jóns Árnasonar*, sem höfðu þá ekki verið til í verslunum um allnokkurt skeið. Hafsteinn vildi gefa safnið út sem næst heild sinni og málfari handrits. Það tók átta ár að gefa út *Þjóðsögur Jóns Árnasonar* í sex bindum.

Hafsteinnleitaði þvínæst til Sigurðar Nordals og Þórbergs Þórðarsonar um endurútgáfu á *Gráskinnu*, þjóðsagnasafni þeirra útgefnu á miðjum fjórða áratugnum með viðbótum og var endurútgáfan kölluð *Gráskinna hin meiri*. Hún kom út í tveimur bindum árið 1962. Á fyrri hluta sjöunda áratugarins hóf Þjóðsaga einnig endurútgáfu á öðru safni þjóðsagna, *Grímu*. Safnið var aukið töluvert og kom út í fimm bindum undir heitinu *Gríma hin nýja*. Þá gaf Þjóðsaga út þriggja binda safn þjóðsagna eftir Jón Thorarensen, *Rauðskinnu hina nýrri* (1969-71), sem komið hafði út í litlum heftum á löngu tímabili fyrr á öldinni undir heitinu *Rauðskinna*. *Þjóðsögur Ólafs Davíðssonar*, fjögur bindi, komu út á árunum 1978-80 og sá Bjarni Vilhjálmsson um útgáfunna. *Þjóðsögur Sigfúsar Sigfússonar*, ellefu bindi, byrjuðu að koma út 1982 og lauk þeirri útgáfu ekki fyrr en ellefu árum síðar.

Metnaðarfyllsta verk Hafsteins telst þó án efa ritröðin *Íslensk þjóðmenning*. Af tíu bindum sem fyrirhuguð voru auðnaðist ekki að koma út nema fjórum þeirra, einu á ári þar til 1990; var þó efni sem næst fullbúið í nokkur bindi til viðbótar. Hafsteinn hlaut hvatningarverðlaun Vísindasjóðs fyrir útgáfu *Þjóðsögu* á verkinu. Hann var gerður að heiðursfélaga í Félagi íslenskra bókaútgefenda 1984.



Hafsteinn á áttunda áratugnum með *Íslenskar þjóðsögur og ávintýri* Jóns Árnasonar.

bókagerðarmaður

Hafsteinn lagði mikla alúð við alla þætti bókagerðar. Þegar hann var eitt sinn spurður um hvaða þátt hann teldi mikilvægastan við frágang bókar svaraði hann á þessa leið: „Læsileikinn er mikilvægastur. Það má aldrei gleymast að bækur eru til þess gerðar að vera lesnar. Það þarf að vera þægilegt að lesa bók og þægilegt að halda á henni. Pappírinn skiptir ákaflega miklu máli. Hann á ekki að vera skjannahvítur og hann má ekki vera of þungur, annars er óþægilegt og jafnvel ógerningur að lesa bókina uppí rúmi. Þyngdin þarf að vera í samræmi við efnismagn bókarinnar.“

Gott dæmi um bókagerð Hafsteins er vinna hans fyrir bókaútgáfuna Heimskringlu við kjörbókaflokk félagsmanna Máls og menningar. Ákvörðun meginmáls, titilsíðu, fyrrisagna og umbrots, saurblaða, klæðningar, kjalar og bands var alfarið í höndum Hafsteins. Í sem skemmstu máli þá réði hann útliti bókanna, yst sem innst. Bækurnar voru allar unnar í Prentsmiðjunni Hólum í Þingholtsstræti, en Hafsteinn var þá prentsmiðjustjóri þar.



Hafsteinn Guðmundsson 1989. Mynd: Edda Sigurjónsdóttir.

